

II. Tillaga til 410. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 14. desember 2017

Tillaga 998. fundar bæjarráðs frá 11. desember sl. um að samþykkja viðauka 17 við fjárhagsáætlun.

1. Viðauki 17 við fjárhagsáætlun 2017 - 2017010064

Lagður fram viðauki 17 við fjárhagsáætlun 2017. Viðaukinn varðar ósk um aukningu á stöðugildum við GÍ um 5, viðbót vegna forfallakennslu og umsókn úr veikindapotti, samtals að fjárhæð 16.064.738. Þessum kostnaði er mætt með tilfæringu innan málaflokksins, áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöður Ísafjarðarbæjar eru því kr. 0.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við viðaukann og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukann.